

Fundargerð 75. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2024, föstudaginn 6. september kl. 08:30 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Árni Eiríksson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Jónína Brynjólfsdóttir og Knútur Emil Jónasson.

Að auki sátu fundinn Jóhannes Ágúst Jóhannesson sérfræðingur og Gréta Mar Jósépsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Aðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga 2024 - 2403003SO**

Fyrir liggur að aðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga verður haldinn 9. október 2024. Dagskrá fundar rædd m.a. fjárhagsáætlanir, ársreikningar, þóknun stjórnar og árgjöld ásamt mögulegum hækkunum. Mikið hefur áunnist frá síðasta aðalfundi ásamt því að samtökin hafa verið mjög virk og þarf að taka mið af því. Formanni falið að ræða við formenn annarra samtaka innan Sambands íslenskra sveitarfélaga í tengslum við aðildargjöld og þóknun stjórnar.

Starfsmanni stjórnar orkusveitarfélaga falið að senda út tölvupóst til sveitarfélaga sem ekki eru aðildarsveitarfélög og kanna með áhuga á að ganga í samtökin.

2. **Orkufundur 2024 - 2403002SO**

Rætt var almennt um dagskrá Orkufundar sem haldinn verður 9. október nk. Lagt er til að yfirskriftin verði, Stendur hnífurinn í kúnni? Þar sem enn eru nokkur atriði óljós í tengslum við orkumál þá er formanni falið að klára að setja upp dagskrá.

Næsti stjórnarfundur orkusveitarfélaga verður haldinn 7. október nk. kl 15:00.

Fundi var slitið kl. 10:00